



DRÖG AÐ SVARI

Svar við athugasemdum vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóð nr. 18-20 við Hafravelli í Hafnarfirði

Hér með send umsögn skipulags- og byggingarráðs um innkomna athugasemd við breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 18-20 við Hafravelli. Tillagan var grenndarkynnt í samræmi við 44. gr. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og lauk athugasemdafresti 19. maí 2015. Athugasemdir bárust.

Athugasemdir við breytinguna:

- Þau neikvæðu áhrif sem verða á ásjúnd götunnar með því að byggja eitt raðhús meðal parhúsanna.
- Að raðhúsið færir nær nærliggjandi lóðum og skuggamyndun aukist
- Aukna umferð á Hafravöllum sem valdi meiri slyshættu
- Staða grunnskóla- og leikskólamála ekki góð og styður ekki við aukinn íbúafjölda í hverfinu.

Svör:

- Ekki er fallist á að þessi breyting hafi neikvæð áhrif á ásjúnd götunnar.
- Raðhúsið hefur óbreytta vegg hæð og skuggi af húsinu fellur innan lóðar þess. Deiliskipulagi Hafravalla 14-16 var breytt árið 2006 og húsið fært 4.5 m nær lóðamörkum við Hafravelli 18-20. Einnig var skipulagi fyrir lóð Hafravalla 21-23 breytt sama ár og byggingarreitur þess færður nær lóðamörkum. Fordæmi eru fyrir deiliskipulagsbreytingum á svæðinu.
- Einungis er fjölgað um eina íbúð sem hefur óveruleg áhrif á umferð og fjölda barna í hverfinu.

Bókun skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar dags. 16. júní 2015:

Deiliskipulagsbreytinguna er hægt að kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála Skúlagötu 21, 101 Reykjavík innan eins mánaðar frá birtingu samþykktarinnar í b-deild Stjórnartíðinda samkvæmt 52. gr. laga nr. 123/2010.

Þegar kæra til úrskurðarnefndar er lögð fram er mikilvægt að fram komi hvaða ákvörðun það er sem kærð er, hvernig hún snerti hagsmuni kæranda og hvaða kröfur séu gerðar. Æskilegt er að kærinni fylgi tiltæk gögn, svo sem afrit fundargerða stjórnvalds er varða hina kærðu ákvörðun og bréfaskipti um málið sem kunna að hafa átt sér stað milli kæranda (kæranda) og þess stjórnvalds er tók hina kærðu ákvörðun.